

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Ársfundur B.S. bs. haldinn fimmtudaginn 12. maí 2016

kl. 15:30 í fundarsal B.S. í Sandgerði .

Mættir úr stjórn eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson , Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri. Gísli Heiðarsson boðaði forföll.

Aðrir: Böðvar Jónsson, Kristinn Jakobsson, Sigurjón Hafsteinsson frá Reykjanesbæ, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Fríða Stefánsdóttir, Daði Bergþórsson, Ólafur Þór Ólafsson frá Sandgerðisbæ, Ásgeir Eiríksson frá Sveitarfélaginu Vogar, Magnús Stefánsson og Einar Jón Pálsson frá Sveitarfélaginu Garður, Elísabet Pálmadóttir frá Mannvirkjastofnun, Berglind Kristinsdóttir frá Sambandi Sveitarfélaga á Suðurnesjum og Guðmundur Kjartansson frá Deloitte ehf.

Fundargerð.

Formaður B.S. bs. Friðjón Einarsson setur fundinn. Óskar hann eftir leyfi fundarins til að sjá um fundarstjórn og að Sigurður Skarphéðinsson verði ritari fundsins. *Samþykkt.*

Mál:

1. Skýrsla stjórnar.

- Friðjón Einarsson fer yfir það ferli sem hefur staðið síðan eignaraðilar Brunavarna Suðurnesja byrjuðu að vinna að stofnun byggðasamlagsins.
- Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri fer yfir skýrslu slökkviliðstjóra um störf liðsins og skipulag, eldvarnaeftirlit og framkvæmd þess, auk þess að fara yfir búnað og tæki slökkviliðssins, auk húsnæðiskosts sem er orðin lélegur og þarfnast mikillar endurnýjunar. Einnig fer hann yfir íbúaðpróun og þá breytingu sem hefur orðið á starfssvæði Brunavarna Suðurnesja frá árinu 2002 og til 2016, bæði er varðar stækkun íbúabyggðar, iðnaðarsvæða og ekki síst þá öru þróun sem er í gangi við Flugstöð L.E. og Keflavíkurflugvöll.
- Guðmundur Kjartansson frá Deliotte fer yfir ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2015 og útskýrir stöðuna og reikningsskilaaðferðir.
- Elísabet Pálmadóttir frá Mannvirkjastofnun heldur fyrirlestur um starfssemi slökkviliða. Fer hún þar yfir þá stöðu sem slökkviliðin hafa í sínu nærumhverfi og hversu mikilvæg þau eru. Einnig fer hún yfir það hversu mikilvægt er að slökkviliðin séu með uppfærða brunavarnaáætlun því hún eigi að vera þeim stuðningur í að viðhalda búnaði og húsnæðiskosti, auk þess að hún gefi íbúum og stjórn sveitarfélagsins gott yfirlit yfir starfsemi og ástand slökkviliðsins og

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

geti því orðið grunnur að gæðastjórnun og áætlun um endurbætur t.d. hvað varðar búnað, menntun og samstarf við aðra aðila.

- Önnur mál.
- Fundarstjóri býður mönnum að taka til máls.
- Sigurjón Hafsteinsson frá RNB tekur til máls og ræðir um það að þar sem sjúkraflutningar séu orðnir um 80% af vinnu slökkviliðsins og því séu Sjúkratryggingar Íslands farnar að greiða stóran hluta af rekstri B.S.bs. og því hafi sveitarfélögin verið að sleppa vel frá fjárhagsskuldbindingum af rekstri slökkviliðsins.
- Kristinn Jakobsson tekur til máls og kemur með fyrirspurn til slökkviliðsstjóra um hvort slökkviliðið sé í stakk búíð til að sinna allri þeirri stóriðju sem sé að taka til starfa t.d. í Helguvík. Jón skýrir út hvaða úrræði slökkviliðið hefur í reglugerðum og lögum um brunamál, en þar kemur grein 24 í lögum um brunamál sterk inn, en hún gefur slökkviliðsstjóra möguleika á að gera sérstakar kröfur til fyrirtækja ef þörf krefur. Elísabet Pálmadóttir tekur einnig til máls og tekur undir með slökkviliðsstjóra og fer aðeins lengra í útskýringum.
- Ólafur Þór Ólafsson frá Sandgerði tekur til máls og fer yfir forsögu þess að samvinna um rekstur slökkviliðs Sandgerðis og Brunavarna Suðurnesja varð að veruleika. Þar var ágreiningur um ýmis mál og ekki allir sáttilir en við ákvörðun um að ganga inn í byggðasamlagið var enginn ágreiningur lengur.
- Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri tekur til máls og þakkar hann öllum sveitarstjórnarmönnum innilega fyrir stuðningin við stofnun byggðasamlagsins.
- Fundarstjóri býður fólki að fá sér veitingar og slítur fundi.

Fundi slitið kl. 17:30

Fundarritari: Sigurður Skarphéðinsson.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.
